

mánuði 100% og eftir það í 11 mánuði 75%, eftir það í 7 mánuði 50%, eftir það varanlega 35%.

Áður en málið er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja þess, að Læknaráð lýsi álitinu á því:

1. Hvort Sveinn Jónsson hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku af völdum meiðsla þeirra, er hann hlaut 9. júlí 1967 og í málinu greinir.
2. Verði svo talið, hverju nemi þá tímabundin og varanleg örorka Sveins Jónssonar, sem eingöngu verður rakin til meiðsla þessara.

A l y k t a r o r ð :

Læknaráð láti í té álitssgerð samkvæmt framangreindu.

Þriðjudaginn 25. mars 1975.

Nr. 2/1974. Jón M. Jónsson h/f

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni

f. h. Ursula Key Finanzierungen -

Versicherungen

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

**D ó m e n d u r :**

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

Víxilmál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1974. Krefst hann „frávísunar málsins, til vara sýknu, en til vara heimvísunar, en til þrautar er krafist

skuldajöfnuðar að fullu gagnvart stefnukröfum“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram skjal, þar sem hinn löggilti skjalapýðandi leiðréttir þýðingu sína á áritun á framhlið skjals þess, sem mál þetta fjallar um. Er hin nýja þýðing svohljóðandi: „Greiðist á sölugengi innheimtubankans fyrir sýningarvixla á Hamborg á þeim degi, sem víxilgreiðandi býður greiðslu, að viðbættum innheimtukostnaði og stimpilgjaldi (DM 4.20) og 12% ársvöxtum frá 23. júlí 1970 til greiðsludags.“

Kröfur sínar rökstyður áfrýjandi þannig fyrir Hæstarétti: „Um frávisunarkröfu:

Málið áður dæmt í bþm. Reykjavíkur nr. 6050/1971. Málið vanreifað og stefnandi í héraði synjar að koma fyrir dóm og lögmaður hans að leggja fram bréf sitt til stefnanda, dags. 22. 1. 1973.

Um sýknukröfu:

Greiðsluskjalið uppfyllir m. a. ekki skilyrði 1. gr. 2. mgr. vl. og er því ekki víxill. Aðildarskortur. Vixilinn ber skv. efni sínu að greiða inn á bankareikning nr. 28/25321 í Hamburger Sparcasse í Hamborg. Þann reikning á Rudolf Zimmer, en a. m. k. ekki stefnandi í héraði. Málsaðild og framsöl til stefnanda í héraði eru pro forma.

Um heimvísun:

Ef Hæstiréttur telur, að dæma beri málið skv. XIV. kafla víxillaga, þá varðar það heimvísun. Einnig ef rétturinn telur, að heimila beri áfrýjanda þá gagnaöflun, sem kafið er um.

Um skuldajöfnuð:

Stefnandi í héraði er mala fide um lögskipti áfrýjanda og útgefanda víxilsins, og komast gagnkröfur því að í málinu skv. 17., 19. og 20. gr. vl.“

Bæjarþingsmál nr. 6050/1971 var höfðað af stefnda gegn Jóni M. Jónssyni, Löngumýri 36, Akureyri, persónulega og f. h. Jóns M. Jónssonar h/f til greiðslu víxils þess, sem um ræðir í máli því, sem hér er til úrlausnar. Hinn 1. febrúar

1972 var kveðinn upp „úrskurður“ í nefndu bæjarþingsmáli, þar sem það var hafið að kröfu stefnanda þess máls samkvæmt 5. tl. 119. gr. laga nr. 85/1936, en stefndu í því máli höfðu krafist frávísunar, þótt þeir síðar féllu frá þeirri kröfu.

„Úrskurði“ þessum var eigi skotið til Hæstaréttar.

Svo sem í héraðsdómi greinir, fullnægir skjal það, sem mál þetta er risið af, formskilyrðum 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, sbr. enn fremur 5. gr. og 2. mgr. 41. gr. laganna. Áfrýjandi hefur ekki hnekkð því, að stefndi, sem hefur rétta formlega heimild að víxlinum, sé réttur aðili máls. Hann hefur ekki haft uppi aðrar varnir, sem komið verði að í máli þessu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón M. Jónsson h/f, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ursula Key Finanzierungen - Versicherungen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 50.000, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. nóvember sl., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Tjarnargötu 10 D, Reykjavík, höfðað f. h. þýska firmans Ursula Key Finanzierungen-Versicherungen, Neuschönningstadt í Þýskalandi, gegn Jóni M. Jónssyni h/f, Gránufélagsgötu 4, Akureyri, með stefnu, birtri 26. febrúar 1973, til greiðslu skuldar að fjárhæð DM 5.564.76 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 3. nóvember 1970 til greiðsludags, ísl. kr. 200 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður og honum dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara, að stefnandi verði sýknaður að svo stöddu og þá jafnframt til-

dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Þá er þess krafist, að viðurkennd sé gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar að fjárhæð eigi lægri en sem nemur stefnukröfunni og að í því tilviki sé stefnda dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt víxli að upphæð DM 5.564.76, útgefnum hinn 23. júlí 1970 af þýska firmanu Rudolf Zimmer, en framseldum af því firma til Hamburger Sparkasse von 1827. Víxill þessi, sem vistaður hafi verið í Landsbanka Íslands, Akureyri, hafi Jón M. Jónsson pr. pr. Jón M. Jónsson h/f samþykkt til greiðslu hinn 3. nóvember 1970, en vegna greiðslufalls hafi víxillinn verið afsagður hinn 5. nóvember s. á. Eftir afsagnargerðina hafi víxillinn að nýju verið framseldur af Hamburger Sparkasse von 1827 til Rudolf Zimmer, en hann hafi framselt víxilinn með áletrun á bakhlið hans aftur til stefnanda máls þessa, en undir því framsali sé svo nafnritun stefnanda.

Stefnandi lýsir í greinargerð sinni áletrunum á bakhlið víxilsins þannig: „Á bakhlið víxilsins eru þessar áletranir: Framsal útgefanda víxilsins til Hamburger Sparkasse von 1827. Þar fyrir neðan kemur innheimtuframsal þess banka til Landsbanka Íslands, en þetta innheimtuframsal er yfirstrikað. Þá kemur afsagnarstimpill bæjarfógetans á Akureyri. Þar fyrir neðan og næst er framsal víxilsins frá Hamburger Sparkasse von 1827. Þar fyrir neðan og næst kemur áletruð yfirlýsing firmans Rudolf Zimmer um, að það hafi selt víxilinn til firmans Ursula Key, en þar næst kemur svo nafnritun firmans Ursula Key. Þegar þetta er athugað, er ljóst, að framsalsröðin er heil og óslitin til umbjóðanda míns . . .“

Rétt er að geta þess, að næst á eftir afsagnarstimpli bæjarfógetans á Akureyri er yfirstrikuð nafnritun firmans Ursula Key og því næst framsal víxilsins frá Hamburger Sparkasse von 1827, eins og getið er í lýsingu stefnanda í greinargerð hér að framan.

Þá tekur stefnandi enn fremur eftirfarandi fram varðandi framsalsröðina á víxlinum: „Það skal fram tekið, að með stefnu, birtri 9. nóvember 1971, höfðaði ég f. h. umbj. m. Ursulu Key mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jóni M. Jónssyni, persónulega og fyrir hönd Jón M. Jónsson h.f. Var það mál höfðað til greiðslu á hinum sama víxli, sem nú er stefnt til greiðslu á. Eftir þingfestingu þess máls (nr. 6050/1971) tók ég eftir því, að mér hafði yfirsést áður, að framsalsröðin á bakhlið víxilsins var slitin, þannig að útgefandi hafði samþykkt víxilinn til Hamburger Sparkasse von 1827. Síðan framseldi Rudolf Zimmer (útg.) víxilinn til fa.

Ursula Key. Þannig vantaði framsal á víxilinn frá Hamburger Sparkasse von 1827 til firmans Rudolf Zimmer. Af þessum sökum lét ég hefja það mál (nr. 6050/1971), og var það gert með úrskurði uppkv. 1. febr. 1972.

Nú hefur framsalsröðin verið bætt, þannig að hún er nú óslitin og eins og ég hef áður lýst og víxillinn ber sjálfur með sér. Tel ég, að það skipti ekki máli að víxilrétti, þótt framsalsröðin hafi þannig verið lagfærð, enda er það aðeins mál þetta, sem víxillinn eiga, en breytir engu um skyldur samþykkjanda . . . “

Á framhlið umstefnds víxils er rituð „klásúla“ svohljóðandi í löggiltri íslenskri þýðingu: „Greiðist á sölugengi innheimtubanka fyrir sýningarvixla á Hamborg á gjalddaga, að viðbættum innheimtukostnaði og stimpilgjaldi (DM 4.20) ásamt 12% ársvöxtum frá 23. júlí 1970 til greiðsludags.“

Stefndi segir eftirfarandi í greinargerð sinni um efni málsins: „Sýknuástæðurnar byggjast í fyrsta lagi á því, að hér sé ekki um að ræða víxilmál í skilningi XVII. kafla einkamálalaganna og beri að sýkna af þeirri ástæðu. Varðandi kröfu um sýknu að svo stöddu er einkum vísað til þeirra málsástæðna, sem fram komu af hálfu stefnda varðandi frávísunarkröfu í máli þessu. Þá er því haldið fram, að víxillinn á dskj. nr. 3 sé gefinn út með ólögmætu skilyrði og beri því þegar að sýkna í málinu, þar eð ekki sé um að ræða lögformlegan víxil af þeim ástæðum og því ekki víxilmál réttilega höfðað.“

Þegar bæjarþingsmálið nr. 6050/1971 hafði verið hafið, þá er upplýst í málinu, að lögmaður stefnanda sendi víxilinn til Ursula Key með leiðbeiningum um, með hvaða hætti mætti koma víxli þessum í lag, og jafnframt er upplýst, að þetta hefur gerst síðla árs 1972. Samkvæmt dskj. nr. 20 er ljóst, að stefnandi hefur ætlað sér að halda sér að hinu ólögmæta skilyrði að útgáfunni á víxlinum. Samkvæmt dskj. nr. 21 er ljóst, að minnsta kosti til 15. júní 1971 var Rudolf Zimmer eigandi víxilsins á dskj. nr. 3, þannig að framsalið til Ursula Key getur ekki hafa verið fyrir þann tíma. Gerð er grein fyrir gagnkröfum á dskj. nr. 23, að öðru leyti er áskilinn allur réttur, og málið er lagt í dóm með venjulegum fyrirvara.“

Upphaflega krafðist stefndi frávísunar málsins vegna þess, að það væri eigi nægjanlega upplýst af hálfu stefnanda.

Frávísunarkröfu stefnda var hrundið með úrskurði, kveðnum upp 17. október 1973.

Enn fremur var kveðinn upp úrskurður í máli þessu 9. nóvem-

ber sl., þar sem hafnað var frestbeiðni stefnda til vitnaleiðslu og öflunar gagna.

Hinn 19. nóvember sl. fór fram munnlegur flutningur málsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti því, að varnarástæður stefnda kæmust að samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, né heldur heimilaði, að þær kæmust að samkvæmt 209. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að mál þetta sé víxilmál, enda sé dskj. nr. 3 víxill að formi til samkvæmt 1. gr. laga nr. 93/1933.

Framsöl á víxlinum séu í rétttri röð óskilorðsbundin. Stefnandi sé því réttur handhafi víxilsins og engar reglur mæli svo fyrir, hvorki í víxillögum né annars staðar, að framsalshafa beri skylda til þess að gera grein fyrir því, hvenær hann hafi fengið víxil framseldan.

Viðurkennt sé í málinu, að tvö síðustu framsölin á víxlinum hafi farið fram eftir afsögn hans. Slíkt breyti engu, þar sem framsalshafi öðlist sama rétt á hendur samþykkjanda og framseljandi hafi átt, hvenær svo sem víxill sé framseldur. Hvergi hafi neitt komið fram um, að stefnandi hafi verið mala fide um viðskipti stefnda og útgefanda víxilsins, firmans Rudolf Zimmer, en bréf stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 4 bendi til hins gagnstæða.

Ekki séu byggðar neinar kröfur á þeirri „klásúlu“, sem skráð sé á framhlið víxilsins um gengi, vexti, innheimtukostnað og stimpilgjald, enda beri að líta á hana sem óskráða samkvæmt 5. gr. laga nr. 93/1933.

Taka verði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, að málið hafi tvisvar sinnum verið flutt um formhlið. Enn fremur, að kostnaður við rekstur málsins hafi aukist vegna þýðingar á málskjöllum af þýsku á íslensku.

Af hálfu stefnda er aðallega byggt á því, að mál þetta sé ekki víxilmál í skilningi XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Aðdragandi málsins sé sá, að útgefandi víxilsins, firmað Rudolf Zimmer, hafi selt stefnda buxnaefni, sem reynst hafi gallað. Stefndi hafi greitt fyrir efnið með víxlum, þar á meðal þeim, sem um sé deilt í máli þessu. Stefndi hafi tjáð Rudolf Zimmer, eiganda hins samnefnda firma, að hann mundi gera gagnkröfur vegna þessara galla, krefði hann greiðslu víxlanna. Ef synjað yrði um, að þær kæmust að í hugsanlegu víxilmáli eða ekki semdist um þær, mundi stefndi láta leggja löghald á þá fjárhæð, sem Rudolf Zimmer fengi sér tildæmda samkvæmt víxlunum.

Rudolf Zimmer hafi því verið ljóst, sbr. bréf hans til lögmanns

stefnda á dskj. nr. 15, dags. 16. nóvember 1970, að gagnkröfur yrðu hafðar uppi, og enn fremur hafi lögmaðurinn ritað Rudolf Zimmer bréf, dags. 20. nóvember s. á., og bent honum þar á, að lagt yrði lögald á tildæmdar fjárhæðir samkvæmt víxlunum.

Ætlun Rudolf Zimmer hafi verið sú að láta lögmann sinn hér á landi innheimta víxlana, en lögmaður hans hafi vitað um, að lögald yrði lagt á. Þá hafi víxlarnir verið framseldir stefnanda þessa máls í því skyni að komast hjá lögaldi. Stefnanda hafi verið kunnugt um viðskipti stefnda og útgefanda víxilsins og hafi hann því verið mala fide um viðskipti þeirra og því bakað stefnda tjón af ásettu ráði. Stefndi hafi ekki lengur möguleika á því að leggja lögald á dómkröfu samkvæmt víxlinum. Mala fide stefnanda sé sönnuð með skjölum málsins.

Enda þótt stefndi hafi möguleika á því að höfða skaðabótamál í Þýskalandi gegn firmanu Rudolf Zimmer, sé á því sá hængur, að samkvæmt þýskum lögum sé ekki viðurkennt, að tjónþoli skuli fá meiri bætur en nemi heildarverðmæti hins gallaða hráefnis, en ekki vegna vinnu og annars efnis, sem þurfi til framleiðslu vöru eða annars óbeins tjóns.

Framangreint framferði stefnanda geri það að verkum, að samkvæmt 17. gr. laga nr. 93/1933 sé mál þetta ekki víxilmál og eigi því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, enda komist varnir að í málinu samkvæmt nefndri lagagrein, þegar um sé að ræða athæfi eins og að framan er lýst.

Við þetta bætist, að samkvæmt 20. gr. laga nr. 93/1933 sé málið ekki víxilmál, þar sem stefnandi hafi eignast víxilinn við framsal, sem fram hafi farið eftir afsögn, en slíkt framsal sé aðeins almennt kröfuframsal, sem hafi það í för með sér, að framsalshafi öðlist ekki víxilrétt á hendur samþykkjanda.

Verði ekki fallist á sýknu, þá beri að viðurkenna gagnkröfu til skuldajafnaðar eigi lægri en nemi stefnukröfunni, en tjón það, sem stefndi hafi orðið fyrir í viðskiptum sínum við firmað Rudolf Zimmer nemi ísl. kr. 922.135 auk vaxta. Gagnkrafa þessi sé m. a. byggð á skoðunargerð, sem fram hafi farið á hinu gallaða efni, sbr. dskj. nr. 23. Verði ekki fallist á rétt stefnda til skuldajafnaðar né heldur að sýkna beri hann alfarið af kröfum stefnanda, eigi að sýkna hann að svo stöddu, þar til honum hafi gefist kostur á því að upplýsa eða stefnandi upplýsi málið frekar í samræmi við 105., 106., 114., 115. og 116. gr. laga nr. 85/1936.

Þá eigi það enn fremur að leiða til sýknu, að víxillinn hafi verið sendur til samþykkis stefnda í Landsbanka Íslands á Akureyri

útgefinn á ólögmætan hátt, þar sem á hann sé skráð af útgefanda skilyrði um gengi og vaxtagreiðslur og gildi einu, þótt ekki séu gerðar kröfur samkvæmt þessum skilyrðum.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta sem víxilmál. Eins og síðar verður vikið að, er það réttilega höfðað sem slíkt. Stefnandi hefur ekki heimilað stefnda að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í máli þessu. Gagnkrafa stefnda er þess eðlis, að hún kemst ekki að í málinu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936.

Ljóst er, að sama máli hefði gegnt, þótt útgefandi víxilsins hefði höfðað mál út af víxlinum gegn stefnda.

Verður ekki séð, að framsal víxilsins skipti máli um það, hvort varnir stefnda komist að í málinu eða ekki.

Möguleiki stefnda til þess að leggja löghald á tildæmda fjárhæð samkvæmt víxlinum eða ekki verður eigi talinn skipta neinu um úrslit þessa máls.

Viðurkennt er í máli þessu, að tvö síðustu framsölin á víxlinum fóru fram eftir afsögn hans, enda ber víxillinn það með sér.

Enda þótt víxillinn hafi verið framseldur stefnanda þessa máls eftir afsögn, kemur það ekki í veg fyrir, að stefnandi geti sem framsalshafi rekið mál út af víxlinum gegn stefnda sem víxilmál.

Krafa stefnda um sýknu að svo stöddu byggist á því, að nauðsyn beri til að stefnda gefist kostur á eða stefnandi upplýsi mál þetta enn frekar í samræmi við 105., 106., 114., 115. og 116. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 þykir ekki taka til tilvika af því tagi, sem að framan er lýst, og verður krafa stefnda um sýknu að svo stöddu ekki tekin til greina.

Áritun sú, sem er á framhlið víxilsins um gengi, greiðslu vaxta, innheimtukostnaðar og stimpilgjalds, þykir í engu haggja gildi víxilsins.

Að framansögðu athuguðu verður fallist á það með stefnanda, að dskj. nr. 3 fullnægi þeim skilyrðum, sem lög nr. 93/1933 setja um gildi víxla.

Mál þetta er víxilmál, og má því reka það samkv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Gagnkröfur stefnda komast ekki að í málinu. Varnarástæður þær, sem stefndi hefur haft uppi, komast ýmist ekki að í málinu eða eru þýðingarlausar.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda í máli þessu teknar til greina. Málskostnaður verður lagður á stefnda og þykir hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Friðgeir Björnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón M. Jónsson h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. firmans Ursula Key Finanzierungen-Versicherungen, DM 5.564.76 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 3. nóvember 1970 til greiðsludags, kr. 200 í afsagnarkostnað og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

---